

Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. 2026

Fundargerð

Fimmtudaginn 12. mars 2026 kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn í fundarsal félagsins að Kringlunni 5, Reykjavík.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga stjórnar um kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Skýrsla tilnefningarnefndar.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
10. Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd.
11. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
12. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins, undirnefnda og tilnefningarnefndar.
13. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
14. Önnur mál löglega upp borin.

Á fundinum lá fyrir ársreikningur félagsins fyrir árið 2025, sem og starfskjarastefna og kaupréttaráætlun.

Mættir voru til fundar Hermann Björnsson forstjóri félagsins, Björgólfur Jóhannsson formaður stjórnar og stjórnarmennirnir Hildur Árnadóttir, Ingi Jóhann Guðmundsson og Ingunn Agnes Kro. Þá sátu fundinn þau Dána Hilmarsdóttir og Sigurjón Örn Arnarson frá endurskoðanda félagsins KPMG.

Formaður stjórnar setti fundinn og fundurinn kaus Kristínu Edwald sem fundarstjóra og Halldóru Ingimarsdóttur ritara. Fundarstjóri fór yfir lögmati fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktir félagsins.

Áður en gengið var til dagskrár lagði fundarstjóri til að dagskrárliðir 1 og 2 yrðu afgreiddir saman og var sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að mætt væri fyrir hönd 69 hluthafa með samtals 981.205.015 hluti, þ.e. 84,46 % af atkvæðisbæru hlutafé í félaginu.

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2025

Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar þar sem hann fór yfir helstu atburði í sögu félagsins árið 2025. Hann sagði rekstrarniðurstöðu ársins endurspegla afar sterkan grunnrekstur félagsins og styrkleika þess í breyttu landslagi á váttryggingamarkaði. Björgólfur sagði rekstur váttryggingastarfseminnar hafa einkennst af undirliggjandi hagfelldri tjónaþróun, sér í lagi í ljósi stórtjónaþróunar, sem hafi skilað stórbættri afkomu tryggingasamninga milli ára. Niðurstaðan væri í takt við uppfærðar horfur um afkomu af váttryggingasamningum sem kynntar hafi verið samhliða uppgjöri fyrstu níu mánaða ársins og endurspegluðu betri afkomu en vænst var í upphafi árs. Björgólfur greindi frá því að tekjuvöxtur hafi numið 3,5% sem væri í takt við væntingar en minni en síðustu ár. Hann sagði að hafa yrði í huga að markaðshlutdeild hefði aukist mikið undanfarin ár með heilbrigðum vexti. Að sögn Björgólfs var afkoma af fjárfestingastarfsemi borin uppi af góðri afkomu af skuldabréfum en tap var bæði af skráðum og óskráðum hlutabréfum og afkoma af fjárfestingastarfseminni undir væntingum til lengri tíma liðið.

Björgólfur greindi frá því að hagnaður ársins hafi numið 2.066 m.kr. og arðsemi eiginfjár verið 8,4%. Tekjur af váttryggingasamningum hafi numið 34.8 m.kr. tæplega og aukist um 3,5% á milli ára. Hann sagði kostnað af

vátryggingasamningum hafa numið 32.046 m.kr. á árinu 2025 og aukist um 1,0% á milli ára. Afkoma af vátryggingarekstri fyrir skatta hafi numið á árinu 2.576 m.kr., samanborið við 1.283 m.kr. árið áður. Samsett hlutfall hafi verið 92,6% á árinu 2025 en það hafi verið 96,2% árið áður. Að sögn Björgólfs var tekjuvöxtur í takt við áætlanir en hann sagði verulega hafa dregið úr vexti á fyrirtækjamarkaði milli ára.

Í máli Björgólfs kom fram að tjón ársins hafi hækkað um 0,5% milli ára, þau hafi numið 25.219 m.kr. á árinu 2025 samanborið við 25.105 m.kr. á árinu 2024. Tjónahlutfall ársins hafi verið 72,5% samanborið við 74,7% árið á undan. Hann sagði eitt stórt tjón hafa fallið til á árinu í samanburði við sex brunatjón á fyrra ári og að það útskýrði stóran hluta viðsnúnings í afkomu vátryggingasamninga milli ára.

Rekstrarkostnaður af vátryggingasamningum jókst að sögn Björgólfs um 3,2% á milli ára og kostnaðarhlutfall sagði hann hafa þróast í takt við áætlanir og áherslur félagsins á aðhald í kostnaði án þess að það bitnaði á mikilvægri framþróun. Hann sagði aukningu í rekstrarkostnaði drifna áfram af launakostnaði og rekstri og þróun upplýsingatækniinnviða. Björgólfur greindi frá því að fjöldi stöðugilda hefði aukist lítillega á milli ára. Kostnað við rekstur og þróun upplýsingatækniinnviða sagði hann hafa það markmið að auka skilvirkni í rekstrinum, með öflugum tækniinnviðum sem hefðu verið efldir töluvert á undanförunum árum og styddu við hraða afgreiðslu og hátt þjónustustig.

Að sögn Björgólfs var afkoma af fjárfestingastarfsemi ásættanleg í ljósi erfiðrar stöðu á eignamörkuðum langt framan af ári en verulega undir væntingum. Hann greindi frá því að afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta hafi numið 448 m.kr. og ávöxtun fjárfestingaeigna í stýringu hafi verið 3,7% á árinu. Afkomu af skuldabréfasafni sagði hann hafa verið góða, og ávöxtun hafi numið 8,4% þar sem ávöxtun ríkisskuldabréfa hafi verið 7,9% og annarra skuldabréfa 8,8%. Tap hafi verið á skráðum og óskráðum hlutabréfum.

Björgólfur ávarpaði fundamenn og vék því næst að arðgreiðslustefnu félagsins, sem hann sagði miða við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs til hluthafa í formi arðs, að því gefnu að gjaldþol væri innan gjaldþolsviðmiða stjórnar. Stjórn félagsins legði til að greiddur yrði arður sem næmi kr. 0,95 á hlut fyrir rekstrarárið 2025 eða um 1.100 m.kr. Í máli Björgólfs kom fram að gjaldþol eftir fyrirhugaða arðgreiðslu væri 1,40 og sótt hefði verið um heimild hjá FME til endurkaupa eigin hlutafjár á árinu 2026. Hann vísaði til myndar í glærukynningu sem sýndi greiðslur félagsins til hluthafa síðasta áratuginn og minntist einnig á endurgreiðslur til viðskiptavina, svo sem vegna ökutækjatrýgginga í Covid-faraldrinum.

Björgólfur sagði stjórn Sjóvá hafa skilgreint gjaldþolsviðmið sem fæli í sér að gjaldþolshlutfall væri á bilinu 1,4 – 1,7. Hann sagði að í samanburði við helstu samkeppnisaðila á íslenskum tryggingamarkaði hefði Sjóvá almennt haft sambærileg eða varfærnari viðmið, þar sem viðmið annarra tryggingafélaga lægju á bilinu 1,2 – 1,7. Gjaldþolsviðmið sagði hann endurspegla þá áhættu sem stjórn félagsins væri reiðubúin að taka í starfseminni. Viðmiðið væri sett til að tryggja traustan fjárhagslegan styrk og að félagið uppfyllti á hverjum tíma lögbundnar kröfur um gjaldþol. Björgólfur sagði enn fremur að hlutfallið væri mikilvægt til að átta sig á fjárhagslegum styrk félagsins en einnig væri litið til þess við ákvörðun arðgreiðslu til hluthafa og endurkaupa eigin hlutabréfa. Hann sagði arðgreiðslu ávallt taka mið af hlutfallinu og að arðgreiðslustefna kveði á um að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs til hluthafa að teknu tilliti til gjaldþolsviðmiðs.

Gjaldþolshlutfall sagði Björgólfur geta sveiflast milli fjórðunga vegna markaðsaðstæðna og annarra áhrifapátta. Hann greindi frá því að á árinu 2025 hafi hlutfallið tímabundið verið lítillega undir neðri mörkum viðmiðs stjórnar. Stjórn og stjórnendur hafi ekki talið tilefni til að grípa til róttækra breytingar á eignasafni, þó slíkt væri vel mögulegt til að hækka gjaldþolshlutfall. Sagði hann slíkar breytingar, sem ætlað væri að breyta áhættusniði eignasafnsins til skamms tíma, samræmast illa langtímahagsmunum félagsins og geta dregið úr væntri ávöxtun til lengri tíma. Ákveðið hafi verið að halda óbreyttri stefnu og hafi gjaldþolshlutfallið hækkað í 1,46 við árslok.

Björgólfur undirstrikaði að gjaldþolsviðmiðið væri stefnumarkandi ákvörðun stjórnar og gæti tekið breytingum með hliðsjón af markaðsaðstæðum og framtíðaráformum félagsins. Það væri reglulega endurskoðað með fjárhagslegum styrk og hagsmuni hluthafa að leiðarljósi. Hann sagði verkefni stjórnar ávallt vera að meta viðmiðin út frá fjárhagslegum styrk félagsins og hvort efni væri til að lækka viðmiðið eða halda því óbreyttu. Björgólfur lagði áherslu á að fjárhagslegur styrkur félagsins væri mikill, líkt og ársreikningur félagsins sýndi. Eiginfjárlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu væri

30,3%, fjárhagsstaða félagsins væri traust og væri það eftir sem áður fært um að standa þétt við bakið á viðskiptavinum sínum og mæta ófyrirséðum áskorunum í rekstrinum.

Björgólfur greindi frá því að í árslok 2025 hafi hluthafar verið 1.224 en þeir hafi verið 1.105 í ársbyrjun og hafi því fjölgað um 119 á árinu. Hann sagði fyrsta nýtingartímabil kaupréttaráætlunar félagsins sem næði til allra fastráðinna starfsmanna hafa verið í nóvember síðastliðnum og hefðu starfsmenn keypt hlutabréf í félaginu fyrir 177 m.kr. Björgólfur sagði ánægjulegt hve góð nýting starfsmanna hafi verið á veittum kaupréttum og að stór hluti þeirra hafi bæst í hóp hluthafa. Eignarhald Sjóvár væri dreift og væru 48,8% hluta í eigu lífeyrissjóða, 37,0% í eigu einstaklinga og fyrirtækja, 8,4% í eigu innlendra verðbréfasjóða, 3,7% í eigu erlendra verðbréfasjóða og 2,1% í eigu fjármálafyrirtækja. Í lok árs hafi 183 starfsmenn verið með kauprétti að um 15,5 milljónum hluta, sem væru um 1,3% af hlutafé félagsins í dag.

Sjóvá hefur að sögn Björgólfs lagt höfuðáherslu á að vera öflugt arðgreiðslufélag sem byggir á öguðum grunnrekstri, þar sem váttryggingar eru í forgrunni. Hann sagði félagið hafa vaxið og dafnað undanfarin ár og orðið stærsta váttryggingafélag landsins og það hafi skilað jákvæðri afkomu á hverju ári frá skráningu þess á markað. Björgólfur sagði félagið hafa reynst arðbært fyrir eigendur með hagfelldri þróun hlutabréfaverðs frá skráningu á markað, ásamt reglulegum arðgreiðslum til hluthafa. Hann sagði stjórn félagsins meta stöðu Sjóvár sterka í breyttu landslagi á váttryggingamarkaði þar sem sérþekking á tryggingum skapaði verðmæt viðskiptasambönd sem byggðu á stuttum boðleiðum og skýrum heimildum til ákvarðana. Nánd við viðskiptavinum sagði hann auka skilning þeirra og starfsfólks félagsins á rétttri váttryggingaþörf.

Björgólfur bauð starfsmenn og aðra nýja hlutafa velkomna í hluthafahópinn. Hann sagði að á árinu 2026 yrði, hér eftir sem hingað til, lögð áhersla á arðbæran og ábyrgan váttryggingarekstur með framúrskarandi þjónustu að leiðarljósi. Hann ávarpaði fundarmenn og sagði stjórn efst í huga þakklæti til starfsmanna félagsins fyrir þeirra góðu störf á árinu 2025. Hann sagði styrkleika Sjóvár vera sterkan og samheldinn hóp stjórnenda og starfsmanna sem hefðu skýr markmið og hefðu sýnt eftirtektarverðan árangur, undir styrkri forystu Hermanns Björnssonar forstjóra. Hluthöfum þakkaði Björgólfur fyrir traust til félagsins og viðskiptavinum fyrir tryggð og samfylgdina á árinu 2025.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2025 lagðir fram til samþykktar

Hermann Björnsson forstjóri félagsins fór yfir ársreikning félagsins, stöðu þess á markaði og það sem hæst bar á árinu.

Hermann sagði ánægjulegt hve margir væru mættir og þakkaði hlý orð formanns stjórnar til starfsmanna félagsins og tók undir mál hans um sterka stöðu þess. Hann bætti við að Sjóvá byggði að mjög sterkum innviðum, bæði hvað varðaði tækni og þjónustu. Tæknilegir innviðir félagsins styddu við þétt útibúanet þess og viðskiptavinir fengju sömu þekkingu og þjónustu um allt land. Áfram yrði byggt á þeim sterkum stöðum á árinu 2026. Fram kom í máli Hermanns að mikið væri lagt upp úr nánd við viðskiptamenn og að veita þeim þjónustu á fagsviði Sjóvár, váttryggingum.

Hermann sagði innviði líka snúa að lykilkerfum. Samkvæmt ytra mati á þeim væri staðan þar sterk og stór skref hefðu verið stigin á árinu í uppfærslu þeirra. Þá væri mikil framþróun í vöruþróun og þróun þjónustuleiða. Með tilkomu gervigreindarinnar gæti Sjóvá veitt þjónustu allan sólarhringinn en hlutfall þeirra fyrirspruna sem hægt væri að leysa sjálfvirk með gervigreind hefði stóraukist á árinu og væri nú um 50%. Hermann greindi frá því að á árinu hefði Sjóvá verið fyrst tryggingafélaga á Íslandi til að bjóða Meðgöngutryggingu sem byggði á skandinavískri fyrirmynd. Hann sagði trygginguna hafa mælst vel fyrir og að hún rímaði vel við þær áherslur félagsins að mæta þörfum viðskiptavina.

Hermann nefndi einnig nýja markaðsherferð Sjóvár, „Ánægja er“, þar sem viðskiptavinir gætu botnað setninguna „Ánægja er...“ og sent tillögu sína inn, en fyrir hverja innsenda tillögu greiddi Sjóvá styrk að upphæð 500 kr. til Geðhjálpar. Hann minntist einnig á fjarskoðunarlausn Sjóvár og að notkun hennar hefði haldið áfram að spara akstur og bæta þjónustu við viðskiptavinum um allt land.

Hermann sagði ánægjulegt að segja frá því að 9. árið í röð væri Sjóvá efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni. Það væri sérstaklega ánægjulegt á þessum tímum þegar samkeppni hefði augljóslega verið mikil. Hann greindi líka frá stöðunni á þremur öðrum þáttum sem félagið fylgdist einnig með; fyrsta vali, tryggð og NPA, en félagið væri líka efst á þeim. Þannig væri félagið með afgerandi niðurstöðu í þættinum fyrsta val á tryggingamarkaði og að sama skapi mældist mesta tryggðin hjá Sjóvá. Hermann sagði ekkert launungarmál, eins og formaður stjórnar hefði komið inn á, að endurgreiðslur til viðskiptavina hefðu meðal annars haft þar jákvæð áhrif. Hann sagði ánægju viðskiptamanna og

ánægju starfsfólks haldast í hendur en Sjóvá hefði um langa hrið verið meðal 15 efstu fyrirtækjanna í vinnumarkaðskönnun VR og oft verið meðal þriggja efstu í sínum flokki og verið Fyrirtæki ársins.

Þá sagðist Hermann vilja staldra við það í þessum hópi að fyrir ekki svo löngu hefði komið út samantekt Neytendasamtakanna um aðgerðir á tryggingamarkaði. Í tillögum samtakanna hafi meðal annars verið að finna fyrirkomulag á samræmdu örorkumati, sem væri umræða sem sneri einnig að lífeyrissjóðunum. Hann sagði nauðsynlegt að taka upp lágmarksþröskuld, líkt og hjá hinum Norðurlandanna og þótt það væri alltof langt mál að fara í efni skýrslunnar vildi hann engu að síður nota tækifærið til að vekja athygli á þessu. Nú væri kjörið tækifæri fyrir alla hagaðila að koma skikki á þessi mál. Hann sagði þetta ekki eingöngu váttryggingamál, heldur líka neytendamál og stórt samfélagsmál, sem þyrfti að komast í betra horf.

Eftir þetta þakkaði Hermann stjórn og samstarfsfólki fyrir farsælt samstarf á árinu. Hluthöfum þakkaði hann fyrir tiltrúna og síðast en ekki síst þakkaði hann viðskiptamönnum fyrir viðskiptin á liðnu ári.

Því næst vék Hermann að ársreikningi ársins 2025. Hann kvaðst ætla að tæpa á helstu atriðum og vísa til skýringa í reikningnum þar sem við ætti. Hann benti á að ársreikningur samstæðu Sjóvá-Almennra trygginga hf. hefði verið staðfestur af stjórn félagsins og forstjóra 12. febrúar sl. og endurskoðendur félagsins, KPMG, hefðu sama dag gefið fyrirvaralaust álit sitt á því að ársreikningurinn gæfi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu og fjárhagsstöðu í árslok. Hermann undirstrikaði að samstæðan samanstæði af móðurfélaginu Sjóvá-Almennum tryggingum, Sjóvá-Almennum líftryggingum og Sjóvá Forvarnahúsinu.

Rekstrarreikningur

Hermann greindi frá því að tekjur af váttryggingasamningum hefðu numið 34,8 ma.kr. og hefðu hækkað um 1,2 ma.kr. eða um 3,5% frá árinu áður. Kostnaður af váttryggingasamningum nam 32,0 ma.kr. og hækkaði um 326 m.kr., eða um 1%, á milli ára. Kostnaðurinn skiptist annars vegar í tjón ársins sem nam 25,2 ma.kr. og hækkaði um 114 m.kr., og hins vegar rekstrarkostnað af váttryggingasamningum sem nam 6,8 ma.kr. og hækkaði um 212 m.kr. Tjónahlutfall lækkaði úr 74,7% í 72,5% og kostnaðarhlutfallið lækkaði úr 19,7% í 19,6% á milli ára. Afkoma af váttryggingasamningum nam 2,6 ma.kr. og jókst um 1,3 ma.kr. Fjárfestingatekjur námu 2,5 ma.kr. samanborið við 5,5 ma.kr. árið áður. Góð afkoma var af skuldabréfasafni og nam ávöxtun 8,4% en tap var af skráðum og óskráðum hlutabréfum. Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi nam 412 m.kr. og hækkaði um 18 m.kr. Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði nam 448 m.kr. og dróst saman um 3 ma.kr. Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum nam 3,0 ma.kr. og hagnaður fyrir tekjuskatt 3,1 ma.kr.

Reiknaður tekjuskattur var 999 m.kr. og hagnaður eftir skatta 2,1 ma.kr. miðað við 4,2 ma.kr. árið áður.

Efnahagsreikningur

Hermann fór því næst yfir efnahagsreikning félagsins. Á árinu 2025 hækkuðu heildareignir úr 75,7 ma.kr. í 76,9 ma.kr. Handbært fé hækkaði úr 1,6 ma.kr. í 1,8 ma.kr. Verðbréf hækkuðu úr 62,6 ma.kr. í 63 ma.kr. Benti Hermann á skýringar 14 og 15 um flokkun og gangvirði fjáreigna því tengt. Hann benti á að endurtryggingaeignir hefðu hækkað úr 2 ma.kr. í 3,1 ma.kr. Fram kom í máli Hermanns að eigið fé hafi numið 24 ma.kr. í árslok 2025, en SCR gjaldþolshlutfall sbr. skýringu 25 næmi 1,46 fyrir áætlaða arðgreiðslu, miðað við 1,64 árið áður. Hann benti á að breytingar á eigin fé síðustu tveggja ára kæmu fram á eiginfjárfirliti á bls. 15 í ársreikningi. Skuldbinding vegna váttryggingasamninga hækkaði úr 41,7 ma.kr. í 43,7 ma.kr. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu tryggingartaka lækkaði úr 5,5 ma.kr. í 5,3 ma.kr. milli ára og viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir hækkuðu úr 1,5 ma.kr. í 1,6 ma.kr.

Hermann benti á nokkrar skýringar með ársreikningnum, nr. 3 um reikningshaldslegt mat og ákvarðanir, nr. 5 sem sýnir starfsþáttayfirlit og nr. 26-32 um áhættustýringu félagsins.

Að lokinni yfirferð Hermanns yfir ársreikninginn opnaði fundarstjóri fyrir umræður og spurningar til þeirra Björgólfs og Hermanns um tvo fyrstu dagskrárliði aðalfundar.

Engar umræður urðu um ársreikninginn og var hann borinn undir fundinn og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Fundarstjóri greindi frá tillögu stjórnar sem var sbr. eftirfarandi:

„Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 0,95 á hlut fyrir rekstrarárið 2025 eða um 1.100 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 12. mars 2026 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 16. mars 2026, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 13. mars 2026 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 26. mars 2026.“

Engar frekari umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram

Fundarstjóri greindi frá því að stjórn félagsins legði til að starfskjarastefna, sem lögð var fram á fundinum, yrði samþykkt. Starfskjarastefnan væri óbreytt frá fyrra ári.

Davíð Rúdólfsson, framkvæmdastjóri Gildis-lífeyrisjóðs, óskaði eftir að tjá sig um starfskjarastefnuna tengt kaupréttaráætluninni sem til stóð að ræða undir lið 5. Hann ávarpaði fundargesti og las upp eftirfarandi bókun frá Gildi-lífeyrissjóði:

„Stjórn leggur til á þessum aðalfundi uppfærða starfskjarastefnu félagsins (dagskrárliður 4) ásamt tillögu um kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn (dagskrárliður 5).

Gildi mun greiða atkvæði gegn starfskjarastefnu félagsins og tillögu um kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn þar sem sjóðurinn telur að það skorti á skýrar takmarkanir í fyrirliggjandi tillögum og telur að breyta þurfi ákveðnum efnisatriðum. Gildi leggur á það áherslu, ef ætlunin er að koma á árangurstengdum launagreiðslum, að upplýst sé um það í starfskjarastefnu hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið sem hlutfall af föstum árslaunum.

Það er afstaða sjóðsins að almennar tilvísanir í þeim efnum til laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 séu ekki fullnægjandi. Sjóðnum er kunnugt um að 51. gr. þeirra laga felur í sér takmarkanir sem snúa að kaupaukum. Hámörk er ekki skylt að nýta ásamt því að lagareglur geta tekið breytingum. Það er ekki sjálfgefið að lagabreytingar leiði til dæmis sjálfkrafa til breytinga á starfskjarastefnu hjá Sjóvá, enda þarf að vera samhengi milli fastra og breytilegra launakjara og föst laun eru að jafnaði lægri ef breytileg launakjör eru hærri. Þá er hægt að túlka lagareglur af þessu tagi og framkvæma á ólíka vegu. Stjórn félagsins og hluthafar þess hljóta að hafa skýrari áherslur en svo að láta almenna tilvísun til laga ráða því hver hámark á breytilegum launakjörum skuli vera hverju sinni.

Á það skortir að mati Gildis að stjórn félagsins setji fram skilgreind hámark í starfskjarastefnu og útskýri á sama tíma hvernig framkvæmdin verður sem snýr að þeim, sérstaklega varðandi samspil milli kaupauka sem greiddir eru í peningum og úthlutaðra kaupréttar. Til dæmis mætti upplýsa um hvort þetta hámark sé mælt við úthlutun kaupréttar ef það er ætlunin og þá með hvaða hætti úthlutaðir kaupréttir geta haft áhrif á aðra kaupauka sem greiddir eru í peningum á viðkomandi ári. Engin umfjöllun er um þetta atriði í framlögðum tillögum, hvorki í starfskjarastefnu né kaupréttaráætlun. Sjóðurinn hefur í aðdraganda aðalfundarins hvatt stjórn félagsins til að bæta úr þessu atriði en við því hefur ekki verið brugðist.

Þessu til viðbótar er vakin athygli á grein 3.2. í kaupréttaráætluninni þar sem fram kemur að við gerð kaupréttarsamninga skuli miða við tiltekna mælikvarða og markmið. Þetta er að mati Gildis óljóst og mætti skýra frekar hvernig farið verður með í framkvæmd. Þannig mætti útskýra hvort tiltekinn árangur sé forsenda úthlutunar á kaupréttum og einnig hvort umfang kaupréttar geti tekið breytingum eftir útgáfu þeirra vegna þessa.

Sjóðurinn telur jafnframt eðlilegt að vextir reiknist af nýtingarverði kaupréttar allt fram að nýtingardegi og gera ætti breytingar á gr. 6.2. í kaupréttaráætlun í þá veru. Sjóðnum er kunnugt um breytingartillögu annars hluthafa sem að þessu snýr en telur þá breytingu eina og sér ekki nægja til þess að breyta afstöðu sjóðsins til framlagðra tillagna.“

Davíð óskaði eftir því fyrir hönd Gildis-lífeyrissjóðs að bókunin yrði færð í fundargerð aðalfundarins og lauk máli sínu.

Björgólfur Jóhannsson, formaður stjórnar Sjóvár, óskaði eftir að taka til máls og ávarpaði fundarmenn. Hann sagði vilja stjórnar liggja ljósan fyrir og undirstrikaði að stjórnin væri algjörlega sammála fyrirliggjandi breytingartillögu LSR (sem greint yrði frá í lið 5) og stjórnin horfði til þess hvernig önnur félög á markaði hafi hagað þessum málum. Björgólfur

rakti hvað kaupréttaráætlunin fæli í sér og að þar væri vitnað í ákvæði laga fylgt yrði. Einnig væru í áætluninni settar takmarkanir á þann fjölda hluta sem starfsmaður gæti eignast með þessum hætti og þá hefði stjórn félagsins heimild til að fella kaupréttaráætlunina úr gildi. Það væri alveg ljóst að stjórnin væri að horfa til þessa 25% hámarks sem lögin kveða á um.

Björgólfur lagði áherslu á að félagið væri ekki bara í samkeppni á markaði heldur líka í samkeppni um fólk. Hann sagði að því þyrfti að vera hægt að umbuna fólk eftir árangri. Hann teldi mjög mikilvægt að tengja saman hagsmuni félags og starfsmanna. Síðast hafi verið tekið skref í þá átt með kaupréttarsamningum við starfsfólk og hann teldi að það hefði verið mjög jákvætt.

Björgólfur sagði það von stjórnarmanna að tillagan yrði samþykkt þannig að félagið gæti unnið á svipaðan hátt og samkeppnin væri að gera. Hann ítrekaði að stjórn væri sammála breytingatillögu LSR og gæti því gert hana að sinni. Hann sagði það ósk sína að tillagan sem ætti eftir að kynna fengi brautargengi og lauk máli sínu.

Fundarstjóri tók þá til máls og sagðist hafa ákveðið, í ljósi þess hvernig umræðan hefði þróast um lið 4, þar sem einnig hafi verið rætt um dagskrárlið 5, að mikilvægt væri að kynna einnig þá tillögu fyrir fundinum, áður en greidd yrðu atkvæði um tillögunar. Yrði því gerð grein fyrir dagskrárlið 5, umræðum svo framhaldið en að þeim loknum yrði gengið til atkvæða fyrst um dagskrárlið 4 og svo um dagskrárlið 5.

5. Tillaga stjórnar um kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að stjórn legði til að samþykkt yrði kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn félagsins.

Fundarstjóri las upp tillöguna sem hljóðaði svo:

„Stjórn Sjóvár-Almennra trygginga hf. leggur til við aðalfund félagsins að samþykkt verði kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn félagsins. Markmið kaupréttaráætlunarinnar er að tengja hagsmuni hlutaðeigandi starfsmanna við afkomu og langtíamarkmið félagsins og hluthafa þess, auk þess að styðja við árangur félagsins bæði gagnvart fjárhagslegum markmiðum og stefnumarkandi markmiðum í rekstri félagsins. Kaupréttaráætluninni er ætlað að samræmast góðum viðskiptaháttum í váttryggingarekstri og heilbrigðum og traustum rekstri og er hún í samræmi við starfskjarastefnu félagsins. Gerir kaupréttaráætlunin ráð fyrir að við gerð kaupréttarsamninga á grundvelli hennar verði jöfnum höndum lögð áhersla á fjárhagslega mælikvarða um árangur og stefnumarkandi markmið í rekstri félagsins. Heildarfjöldi hluta sem heimilt er að veita kauprétt vegna á grundvelli kaupréttaráætlunar er 23.234.038, eða sem svarar til 2% af hlutafé félagsins. Ávinnslutími kaupréttanna verði 3 ár og nýtingartímabil 3 ár. Kaupréttarverðið skal ekki vera lægra en vegið meðalverð í viðskiptum með hlutabréf félagsins tíu heila viðskiptadaga fyrir gerð hvers kaupréttarsamnings. Kaupverðið skal hækka árlega m.t.t. stýrivaxta (meginvaxta) Seðlabanka Íslands eins og þeir eru á hverjum tíma frá gerð kaupréttarsamnings og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil, en aldrei skal miða við lægri vexti en 4%. Takmarkanir eru settar á þann fjölda hluta sem hver og einn starfsmaður getur eignast á grundvelli áætlunarinnar og þá er stjórn félagsins unnt að krefjast þess að starfsmenn haldi tilteknum fjölda hlutanna eftir nýtingu kaupréttar. Stjórn félagsins hefur heimild til fella niður kaupréttaráætlunina við tiltekna aðstæður, án bótaskyldu fyrir félagið og þá eru í áætluninni skýrir fyrirvara um að henni verði því aðeins framfylgt að lög og reglur standi því hvergi í vegi. Að öðru leyti vísar stjórn til framlagðrar kaupréttaráætlunar.“

Fundarstjóri greindi frá því að fyrir fundinn hefði borist hefði breytingartillaga frá LSR lífeyrissjóði vegna kaupréttaráætlunar fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn. Fundarstjóri las upp breytingartillöguna sem var svohljóðandi:

„LSR gerir eftirfarandi tillögu að breytingu á kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn:

6.2 Kaupverðið skal hækka árlega m.t.t. stýrivaxta (meginvaxta) Seðlabanka Íslands eins og þeir eru á hverjum tíma frá gerð kaupréttarsamnings og fram að fyrsta mögulega nýtingardegi fyrir hvert nýtingartímabil, en vextir skulu ekki reiknaðir frekar til nýtingardags ef rétthafi kys að fresta nýtingu kaupréttar til síðara nýtingartímabils, sbr. gr. 7.2. Þrátt fyrir framangreint skal aldrei miða við lægri vexti en 4%.“

Fundarstjóri las einnig upp eftirfarandi greinargerð LSR sem fylgdi tillögunni:

„Greinargerð LSR með tillögu:

Stjórn Sjóvá leggur til að komið verði á fót kaupréttarkerfi fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og starfsmenn í þeim tilgangi að samþætta hagsmuni lykilstarfsmanna og hluthafa. Lagt er upp með kerfi sem leiðréttir kaupverð yfir tíma með meginvöxtum Seðlabanka Íslands. Sú nálgun stuðlar að því markmiði að kaupréttarhafar hagnist ekki á kaupréttum nema að skilgreindri lágmarksávöxtun hafi verið náð. Í því tilliti þykir réttara og gegnsærra að leiðrétta kaupverð fram til nýtingardags, enda væri annars horfið frá meginsjónarmiðinu um samþættingu hagsmuna á því tímabili sem kaupréttarhafi frestar nýtingu kaupréttarins.“

Fundarstjóri fór yfir að fyrst yrði kosið um tillögu stjórnar undir lið 4. Þá yrði vikið að dagskrárlið 5, fyrst yrði kosið um breytingartillögu LSR, og þá um tillöguna, eftir atvikum svo breytta. Stjórnarformaður hafi þegar lýst því yfir að stjórn væri samþykkt breytingartillögu LSR.

Þá spurði fundarstjóri hvort fleiri óskuðu eftir að taka til máls. Það gerði Finnur R. Stefánsson frá fjárfestingafélaginu Snæbóli. Finnur ávarpaði fundargesti og sagðist hafa brotið heilann í nokkra daga um kaupréttaráætlanir. Hann byrjaði á að rekja þróun í eignarhaldi félagsins og sagði að stærstu hluthafar félagsins væru lífeyrissjóðir, einkahlutafélög og verðbréfasjóðir. Því næst spurði Finnur hvers vegna í þessu félagi, eins og í flestum félögum í kauphöll, það væri rauði þráðurinn að langstærstu fjárfestarnir væru með langmestu áhættudreifinguna, ættu til dæmis í öllum tryggingafélögum. Hann sagði alls staðar verið að minnka áhættusækni og dirfsku og draga tennurnar úr því þegar verið væri að reyna að umbuna stjórnendum í félaginu. Finnur sagði óskiljanlegt að styðja ekki tillöguna. Hann tók undir með stjórnarformanni að Sjóvá væri í samkeppni um starfsfólk, stjórnendur og einkafjárfesta og lauk svo máli sínu.

Davíð óskaði eftir að taka aftur til máls. Hann sagði áhugavert að heyra það sem Finnur segði en vildi meina að hann hefði algjörlega misskilið áhersluna og því væri tilefni til að leiðrétta það. Davíð sagði Gildi ekki vera á móti því að gera kaupréttaráætlun en sagði grundvallaratriði að hún væri skýr, sem hún væri ekki að mati Gildis. Gildi væri þannig ósátt við skýrleikaskort tillögunnar en ekki umfang hennar og mikilvægt væri að halda því til haga. Hann sagði Gildi sannarlega vilja hvetja starfsmenn og stjórnendur til góðra verka og sömuleiðis vildi Gildi sannarlega ekki að félagið yrði undir í samkeppni en gögnin sem lögju fyrir fundinum væru ekki nægilega skýr að þeirra mati. Þar með lauk Davíð máli sínu.

Fleiri óskuðu ekki fleiri eftir að taka til máls og voru þá greidd atkvæði um tillöguna.

Fyrst voru greidd atkvæði um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu (lið 4). Gildi og tengd félög (Gildi-Lífeyrissjóður/Framtíðarsýn 3, Gildi-Lífeyrissjóður/Framtíðarsýn 1 og Gildi-Lífeyrissjóður), sem eiga 107.754.077 hluta í félaginu sem jafngildir 9,28% af útgefnu hlutafé, greiddu atkvæði gegn tillögunni. Aðrir fundarmenn greiddu atkvæði með henni og taldist tillaga um starfskjarastefnu því samþykkt.

Þá voru greidd atkvæði um breytingartillögu LSR vegna kaupréttaráætlunar (undir lið 5) og var hún samþykkt.

Að lokum voru greidd atkvæði um lið 5 breytta tillögu stjórnar um kaupréttaráætlun (í samræmi við samþykktu breytingartillögu). Gildi og tengd félög (Gildi-Lífeyrissjóður/Framtíðarsýn 3, Gildi-Lífeyrissjóður/Framtíðarsýn 1 og Gildi-Lífeyrissjóður), sem eiga 107.754.077 hluta í félaginu sem jafngildir 9,28% af útgefnu hlutafé, greiddu atkvæði gegn tillögunni. Aðrir fundarmenn greiddu atkvæði með henni og taldist tillaga um kaupréttaráætlun því samþykkt.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að engar tillögur lægju fyrir fundinum.

Engar umræður urðu um þennan dagskrárlið.

7. Skýrsla tilnefningarnefndar

Katrín S. Óladóttir formaður tilnefningarnefndar greindi frá störfum nefndarinnar á árinu 2025 og sagði ítarlegri upplýsingar koma fram í skýrslu tilnefningarnefndar sem fundarmenn hefðu fengið. Í máli Katrínar kom m.a. fram að nefndin hafi fundað sex sinnum frá aðalfundi 2025 til 11. febrúar 2026. Hún sagði nefndina hafa gert starfsáætlun, rætt verklag og hvaða lærdóm nefndarmenn gætu helst dregið af síðasta ferli. Katrín greindi frá því að nefndin hafi fundað

með forstjóra félagsins og stjórnarmönnum til að fá upplýsingar um rekstur, verkefni og áskoranir félagsins, ásamt frekari upplýsingum um störf stjórnar frá síðasta aðalfundi. Nefndin hafi einnig fundað með stjórnarmönnum og varamönnum félagsins til að afla upplýsinga um mat stjórnarmanna á stöðu og stefnu félagsins, helstu verkefni þess og áskoranir, sem og um störf stjórnar, samsetningu og þekkingu stjórnarmanna. Katrín sagði að á fundunum hafi komið fram að allir stjórnar- og varamenn væntu þess að bjóða sig fram aftur til starfa fyrir félagið. Að sögn Katrínar horfði nefndin sérstaklega til fjölbreyttrar þekkingar, mikillar hæfni og reynslu af bæði stjórnunarstörfum og stjórnarsetu í stórum fyrirtækjum, við mat á störfum stjórnarmanna. Nefndin hafi sömuleiðis kynnt sér eigið árangursmat stjórnar. Katrín greindi frá því að nefndin hefði einnig rætt við stærstu hluthafa um störf stjórnarinnar og tilnefningarnefndarinnar. Sagði hún þessa fundi hafa verið mjög upplýsandi og þakkaði hluthöfunum sem sátu þá fyrir.

Katrín sagði nefndina hafa auglýst eftir framboðum til stjórnar í Kauphöll Íslands og á vefsíðu Sjóvár. Frestur til að skila framboðum hafi verið til 19. janúar 2026. Átta framboð bárust til setu í aðalstjórn og tvö til setu í varastjórn, að sögn Katrínar. Þrír frambjóðendur hefðu dregið framboð sín til baka þegar tilnefningarnefnd hafði lokið yfirferð sinni og óskað nafnleyndar, þegar fyrir lá að ekki yrði mælt með þeim.

Katrín gerði grein fyrir tillögu tilnefningarnefndar um samsetningu stjórnar og sagði nefndina sammála um að leggja til að stjórn félagsins yrði áfram skipuð sömu stjórnarmönnum, sem saman byggju yfir mikilvægri þekkingu og hæfni og mynduð sterka og faglega heild. Hún undirstrikaði að það hefði verið ánægjulegt að funda með stjórnarfólki félagsins og ræða við þau um störf sín.

Að lokum þakkaði Katrín nefndinni fyrir góða samvinnu og kom á framfæri sérstökum þökkum til Pálínar Daggar Helgadóttur fyrir gott samstarf og aðstoð við nefndina.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls um þennan dagskrárið en enginn kaus að gera það.

8. Kosning stjórnar félagsins

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Björgólfur Jóhannsson kt. 280855-3409, Nesbala 66, 170 Seltjarnarnesi
- Guðmundur Örn Gunnarsson, kt. 060163-2869, Urðarhæð 2, 210 Garðabæ
- Hildur Árnadóttir, kt. 040866-3459, Naustavör 11, 200 Kópavogi
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ
- Ingunn Agnes Kro, kt. 270382-3989, Gvendargeisla 110, 113 Reykjavík

Í framboði til varamennsku í stjórn:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Hegranes 24, 210 Garðabæ
- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ

Bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls undir þessum lið en enginn kaus að gera það.

Sjálfkjörið var í aðalstjórn og varastjórn.

Þá var gengið til næsta dagskrárliðar.

9. Kosning endurskoðenda/endurskoðunarfélags

Af hálfu stjórnar var það lagt til að KPMG yrði kosið endurskoðunarfélag félagsins til eins árs.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Tilnefning nefndarmanna í endurskoðunarnefnd

Stjórn félagsins lagði til að aðalfundur myndi tilnefna Elfu Björgu Aradóttur og Erik Ingvar Bjarnason til setu í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri vísaði til svohljóðandi greinargerðar stjórnar, tengt tillögunni:

„Félagið er eining tengd almannahagsmunum í skilningi laga nr. 3/2006 um ársreikninga og skal því starfa endurskoðunarnefnd innan félagsins, sbr. IX kafla A í lögunum. Í 108. gr. a. laganna er mælt fyrir um að sé nefndarmaður í endurskoðunarnefnd utanaðkomandi aðili skuli hann tilnefndur af aðalfundi.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Tilnefning nefndarmanna í tilnefningarnefnd

Í framboði til tilnefningarnefndar félagsins voru þau Finnur R. Stefánsson, Katrín S. Óladóttir og Sigríður Olgeirsdóttir.

Engar umræður voru um þennan lið og sjálfkjörið var í tilnefningarnefnd.

12. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins, undirnefnda og tilnefningarnefndar

Lagt var til að laun stjórnarmanna yrðu kr. 483.000 á mánuði, laun varaformanns yrðu 725.000 kr. á mánuði og laun stjórnarformanns yrðu 966.000 kr. á mánuði. Þá var lagt til að hvorum varamanni skyldi greidd eingreiðsla kr. 483.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 167.000 fyrir hvern fund sem hann sæti. Lagt var til að nefndarlaun í endurskoðunarnefnd yrðu kr. 126.000 á mánuði og að laun nefndarformanns yrðu kr. 252.000 á mánuði. Þá var lagt til að nefndarlaun í starfskjaranefnd yrðu kr. 50.000 á mánuði og að laun nefndarformanns yrðu kr. 100.000 á mánuði. Einnig var lagt til að þóknun til nefndarmanna tilnefningarnefndar yrði kr. 37.000 á mánuði og kr. 50.000 fyrir hvern fund og formaður fengi 50% álag.

Enginn fundarmanna óskaði að taka til máls um þennan lið.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

13. Tillaga um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum

Stjórn félagsins lagði til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Fundarstjóri las upp tillöguna sem hljóðaði svo:

„Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykktar félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 12. mars 2026 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 116.170.191 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar má meðal annars nota í þeim tilgangi að lækka hlutafé eða uppfylla skuldbindingar félagsins samkvæmt kaupréttarsamningum sem gerðir eru við starfsfólk í samræmi við starfskjarastefnu og kaupréttaráætlun félagsins. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.““

Á fundinum var vísað nánar til greinargerðar stjórnar um tillöguna, sem var á þessa leið:

„Með tillögunni er lagt til að stjórn félagsins fái nýja heimild til endurkaupa á eigin hlutum. Heimildin til þess að nota hlutabréf sem félagið eignast á grundvelli heimildar þessarar til þess að uppfylla skuldbindingar samkvæmt kaupréttarsamningum er nátengd starfskjarastefnu félagsins. Sem fyrr er tilgangur félagsins með endurkaupum einnig að lækka hlutafé félagsins, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Samþykki aðalfundur tillögu stjórnar um áframhaldandi heimild til kaupa á eigin hlutum mun núverandi viðauki við samþykktirnar um endurkaup, samanber samþykkt aðalfundar 13. mars 2025, falla brott.“

Engar umræður urðu um tillöguna. Var tillagan borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

14. Önnur mál löglega upp borin

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum dagskrárlið en engin önnur mál höfðu borist. Enginn kaus að taka til máls.

Að svo búnu óskaði fundarstjóri eftir heimild fundarins til að fundarstjóri og fundarritari gengju frá fundargerð en skv. 15. gr. samþykktu félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

Að lokum þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:14.

Fundarstjóri:

Fundarritari:

Kristín Edwald, hrl.

Halldóra Ingimarsdóttir

Undirritunarsíða

Kristín Edwald

Halldóra Ingimarsdóttir